

## REGLUGERÐ

### um lánshlutfall og hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um lánshlutfall og fjárhæðir ÍLS-veðbréfa, sem gefin eru út samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Um framkvæmd og nánari skilyrði lánveitinga Íbúðalánasjóðs gildir reglugerð um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf.

#### 2. gr.

##### *Lánshlutfall almennra íbúðalána.*

Fjárhæð ÍLS-veðbréfs skv. VI. kafla reglugerðar um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf getur numið allt að 70% af matsverði íbúðar, ef umsækjandi er að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, en annars allt að 65% af matsverði.

#### 3. gr.

##### *Hámarksfjárhæð almennra íbúðalána.*

Hámarkslán Íbúðalánasjóðs til kaupa á notaðri íbúð er 9.200.000 kr. en 9.700.000 kr. vegna nýbyggingar.

Uppfærð áhvílandi ÍLS-veðbréf og fasteignaveðbréf, sem skipt hefur verið fyrir húsbref, koma til frádráttar fyrrgreindum fjárhæðum.

#### 4. gr.

##### *Hámark lána vegna viðauka og til endurbóta.*

Lán skv. VII. kafla reglugerðar um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, ásamt öllum uppfærðum lánum sem á undan hvíla, skal rúmast innan við 65% af matsverði viðkomandi íbúðar.

Fjárhæð láns samkvæmt þessari grein og uppreiknaðra áhvílandi ÍLS-veðbréfa og fasteignaveðbréfa, sem skipt hefur verið fyrir húsbref, má samanlagt ekki nema hærri fjárhæð en 12.000.000 kr. Aukalán til einstaklinga með sérþarfir skerða ekki þetta hámark.

Útgefið ÍLS-veðbréf samkvæmt þessari grein skal að lágmarki nema 570.000 kr.

#### 5. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 19. gr. og 29. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 2004.

*Félagsmálaráðuneytinu, 5. júní 2004.*

**Árni Magnússon.**

*Guðjón Bragason.*